

**153. löggjafarþing 2022–2023.
Þingskjal 799 — 182. mál.**

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Ingibjörgu Isaksen um einkamál í héraði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er meðaltími síðustu fimm ára frá því að einkamál í héraði hefur verið tekið út af reglulegu dómpingi þar til málflutningi í því lýkur? Svar óskast sundurliðað eftir héraðsdómstólum og eftir árum.

Að jafnaði fer einkamál, sem síðar er flutt munnlega, af reglulegu dómpingi héraðsdómstóla þegar skrifleg greinargerð er lögð fram af hálfu stefnda sem varnaraðila málss. Eftirfarandi tafla, sem aflað var frá dómstólasýslunni 7. desember 2022, sýnir meðal dagafjölða frá því að einkamál hjá héraðsdómstólunum eru skráð af reglulegu dómpingi þar til meðferð þeirra lýkur.

	Héraðsdómur Reykjavíkur	Héraðsdómur Reykjaness	Héraðsdómur Vestfjarða	Héraðsdómur Vesturlands	Héraðsdómur Suðurlands	Héraðsdómur Norðurlands vestra	Héraðsdómur Norðurlands eystra	Héraðsdómur Austurlands
2017	333	229	127	479	244	272	339	363
2018	309	227	413	467	272	277	326	351
2019	283	187	141	388	210	638	336	310
2020	324	230	158	419	328	205	273	781
2021	308	223	250	408	290	238	494	331
2022	336	317	406	338	370	350	308	563

Ekki er á hinn bóginn með góðu móti unnt að vinna tölfraði um það úr málaskrárkerfi héraðsdómstóllanna hvenær málflutningi slíkra mála lýkur. Til viðmiðunar er þó bent á að mælt er fyrir um það í 1. mgr. 115. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, að dómur skuli kveðinn upp svo fljótt sem unnt sé. Þar segir enn fremur að hafi dómur ekki verið kveðinn upp í máli sem hafi verið munnlega flutt innan fjögurra vikna frá því að það hafi verið dómtkið skuli það flutt á ný nema dómarí og aðilar telji það óþarf.